



KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ
VALUR

Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis

Efni: Umsögn Knattspyrnufélagsins Vals um frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannirkjagerðar og annara framkvæmda (136 frumvarp, 149. lögjafarþing).

Reykjavík, 20. febrúar 2019

Kæru nefndarmenn

Á fundi aðalstjórnar Vals þann 19. febrúar sl., var undirrituðum falið að mæla með ofangreindu frumvarpi við efnahags og viðskiptanefnd Alþingis.

Knattspyrnufélagið Valur hefur haldið uppi miklu og metnaðarfullu starfi sem íþróttafélag frá stofnun þess árið 1911. Mannvirki íþróttafélaga og aðstaða íþróttafólks er lykilatriði í framþróun í starfi okkar. Íþróttafélögin í landinu gegna lykilhlutverki þegar kemur að lýðheilsu og þroska barna og unglinga. Þá er ótalinn sá árangur sem íslenskt íþróttafólk hefur náð á undanförunum árum og áratugum, sem hefur skapað samstöðu og einingu meðal þjóðarinnar. Grunnurinn að þeim árangri er fólgin í grasrótastarfi íþróttafélagana, sem oftast en ekki eru starfrækt af sjálfboðaliðum og félagsmönnum.

Allar framkvæmdir á félagssvæðum íþróttafélaga eru til þess að bæta aðstöðu iðkenda, auka gæði íþróttastarfsins og sinna þeim grundvallar markmiðum sem félögin sinna í þjóðfélaginu. Þetta frumvarp mun því skipta verulegu máli þegar kemur að ákvörðunum um framkvæmdir í framtíðinni hjá Val.

Knattspyrnufélagið Valur lýsir yfir mikilli ánægju með það frumvarp sem hér er lagt fram og telur að það stuðli að enn betri aðstöðu fyrir íþróttafólk landsins, öllum til heilla, í framtíðinni.

F.h. Knattspyrnufélagsins Vals

Lárus Bl. Sigurðsson

Framkvæmdastjóri